

1. nóvember 1977.

695

Nr. 400.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Hafnarfirði
frá 16. febrúar 1968.

1. gr.

a-liður 1. mgr. 6. greinar orðist svo:

- a. Bifreiðastöðvar, biðskýli og verslanir, sem hafa sérstakt leyfi bæjarstjórnar og heilbrigðisnefndar til að versla með takmarkaðan fjölda vörutegunda, nánar tiltekið: Blöð, sælgæti, tóbaksvörur, öl, gosdrykki, ís, brauðvörur, mjólk, nýja ávexti, pylsur, niðursoðnar vörur, kaffi, te, vélpakkaðar matvörur, handsápu, tannkrem, raksápu, rakblöð, kort, frímerki, tímarit, ritföng, rafmagnsöryggi, rafmagnsperur, rafhlöður og eldspýtur.

Bæjarstjórn getur bundið leyfisveitinguna við hluta af þessum vörutegundum. Söluleyfi fyrir vélpakkaðar matvörur skal að jafnaði einungis veitt matvöruverslunum, nema staðbundnar aðstæður krefjist annars. Skal sækja um leyfi fyrir því sérstaklega.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. nóvember 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

2. nóvember 1977.

Nr. 401.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilisþjónustu á vegum Félagsmálastofnunar Akureyrar.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta samkvæmt reglugerð um heimilisþjónustu skal neytandi greiða fyrir hverja unna klukkustund í samræmi við eftirfarandi gjaldstiga sem miðast við tímalaun starfsfólks ásamt launatengdum gjöldum.

1. taxti kr. 0.
2. taxti — 260 ($\frac{1}{3}$ hluti tímalauna auk launat.gj.).
3. taxti — 470 ($\frac{2}{3}$ hlutar tímalauna auk launat.gj.).
4. taxti — 780 (tímalaun auk launat.gj.).

B 88

2. gr.

Greiðsluskylda neytanda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans, og er þá tillit tekið til þess hvort um er að ræða einstakling eða hjón og sambýlisfólk. Greiðsluskylda fer að eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við grunnlífeyri (g) og tekjutryggingu (t).

Einstaklingur greiði skv.:

1. taxa séu tekjur hans undir kr. 74 440 $(g+t) \times 1.3$.
2. taxa séu tekjur hans milli kr. 74 440 og kr. 114 524 $(g+t) \times 1.3$ til $(g+t) \times 2.0$.
3. taxa séu tekjur hans milli kr. 114 524 og kr. 143 155 $(g+t) \times 2.0$ til $(g+t) \times 2.5$.
4. taxa séu tekjur hans yfir kr. 143 155 $(g+t) \times 2.5$.

Hjón og sambýlisfólk greiði skv.:

1. taxa séu tekjur þeirra kr. 120 169 og þaðan af minna $(g+t) \times 1.2$.
2. taxa séu tekjur þeirra milli kr. 120 169 og kr. 160 255 $(g+t) \times 1.2$ til $(g+t) \times 1.6$.
3. taxa séu tekjur þeirra milli kr. 160 255 og kr. 200 282 $(g+t) \times 1.6$ til $(g+t) \times 2.0$.
4. taxa séu tekjur þeirra kr. 200 282 og þaðan af meiri $(g+t) \times 2.0$.

Félagsmálaráði er heimilt að vika frá gjaldskrá þessari ef um sérstakar ástæður er að ræða.

3. gr.

Verði breytingar á launum starfsfólks eða lífeyrisgreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins ber félagsmálaráði að breyta gjaldstiga þessum til samræmis við þær, en tilkynna slíkt bæjarstjórn og félagsmálaráðuneyti.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. nóvember 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu skipulagi Seláshverfis í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 3. nóvember 1977 staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi Seláshverfis í Reykjavík að því er varðar eftirfarandi:

1. Tilfærslu á bílgeymslulengjum í vestara raðhúsaþverfinu, þ. e. raðhúsaþverfinu við Melbæ og Brekkubæ.
Bílgeymslulengjurnar eru færðar saman.
2. Styttingu og smávægilega tilfærslu á húsagötum í eystra raðhúsaþverfinu. Þetta varðar göturnar Brautarás, Disarás, Brútarás og Grindarás.

Félagsmálaráðuneytið, 3. nóvember 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.